

KATLA KJARTANSDÓTTIR
OG KRISTINN SCHRAM

Mannskepnur og önnur dýr

Á undanförunum árum hafa farið vaxandi þverfaglegar áherslur er varða margslungið samband manna og dýra við efnisheim og umhverfi. Þessar áherslur tengjast kenningarlegum straumum um mannöld (e. *anthroposcene*), póst-húmanisma og ný-efnisleika (e. *new-materialism*). Þessar kenningar varpa ljósi á og undirstrika atbeini (e. *agency*) og áhrifavald náttúru, efnis, dýra og ómennskra gerenda (e. *non-humans*) í margvíslegu samhengi, fortíðar og samtíðar. Þemahefti *Ritið* er að þessu sinni helgað efni sem fjallar um samfléttun og tengsl manna og dýra frá hinum ýmsu sjónarhornum. Áherslur af þessu tagi hafa verið mjög áhrifamiklar á síðari árum og náð að teygja anga sína víða. Við sjáum ákveðna þverfaglega breidd endurspeglast í þeim greinum, þýðingum og myndverkum sem hér birtast en þó eiga höfundar það flestir sameiginlegt að snúa sér frá hinum hefðbundnu mannhverfu áherslum. Í heftinu er meðal annars að finna greinar um birtingarmyndir dýra í efnismenningu og/eða sjónrænni menningu, dýr sem safngripi, tengsl dýra við ákveðin svæði eða tiltekna menningarhópa eða annars konar tengslanet manna og dýra.

Orðræða og nálgun innan hug- og félagsvísinda hafa löngum verið fremur mannmiðaðar, þar sem sjónum hefur einkum verið beint að atferli mannskjunnar og þróun samfélaga. Kartesísk tvíhyggja móðernismans markaðist af tækni- og framfarastefnu og staðsetti *manninn* kirfilega í efsta sæti, í eins konar valdastiga. Þar hefur hann fengið að tróna um nokkuð langt skeið en umdeilanlegt er hversu vel hefur farnast. Fjölmargir fræði- og listamenn hafa bent á mikilvægi þess að varpa gagnrýnu ljósi á slíka hugmyndafræði,



sem sé fyrir löngu orðin gamaldags, ef ekki hreinlega úrelt. Um nokkuð langt skeið hafa vísindamenn, fræðimenn og listamenn bent á þá staðreynd að í raun sé nú komið að ákveðnum þolmörkum. Nauðsynlegt sé að endurhugsa hina mannhverfu nálgun á sem flestum sviðum og leita nýrra leiða þar sem fremur er litið á náttúru, umhverfi og manneskju sem jafngilda hluta sömu heildar. Samkvæmt þessari náttúruhverfu nálgun er manneskjan hluti af þéttriðnu tengslaneti þar sem á sér stað eins konar samfléttun hennar við aðra (jafnmikilvæga) hluta, bæði efnisheims og umhverfis. Í verkum þeirra listamanna sem hér eru til umfjöllunar má til dæmis sjá hvernig þeir hafa nýtt sér margvíslega miðlunartækni á borð við myndbandsverk, ljósmyndir og gjörninga til þess að vekja upp umræður um þessi efni. Á sama hátt má kannski segja að vísindalegar og/eða fræðilegar tilraunir til að varðveita vistkerfi á barmi glötunar og dýr á mörkum útrýmingar megi ef til vill líkja við einhvers konar súrrealíska gjörningalist.

Í verkinu, *The Post-Modern Animal*, ræðir Steve Baker um hvernig menning mótar skilning okkar og túlkun á dýrum, rétt eins og dýr hafa áhrif á túlkun okkar á menningu.¹ Hugmyndir okkar um dýr hafa auðvitað áhrif á hugmyndir okkar um mannlegt samfélag og hlutverk manneskjunnar í veröldinni. Í þessu samhengi sýnir menningarleg framsetning á dýrum, svo sem í kvikmyndum, listum, ævintýrum og þjóðsögum, sem og á söfnum og sýningum, fyrst og fremst mannlegan skilning á dýrum og hlutverk þeirra í samfélagi manna. Með þeim hætti hefur því einnig verið litið á dýr sem eins konar afurðir menningarsköpunar. Slíkar framsetningar snúast oft um flóknar spurningar er varða tengsl manna við dýr og hið dýrlega í mennskunni. Þegar fjallað er um samband manna og dýra er auðvitað af nógu að taka enda hefur manneskjan frá örófi leitað í félagsskap og viskubrunn dýra eftir þekkingu og færni, líkt og fjölmargar þjóðsögur og goðsögur greina frá. Hrafna Óðins, þá Huginn og Muninn, er vert að nefna í því samhengi og velþekktar eru sagnir af því þegar menn hafa lagst undir feld þegar mikið liggur við.

Frjósemis- og viskugyðjur hafa einnig verið nátengdar dýrum. Vagn Freyju var dreginn áfram af tveimur köttum og einnig átti hún í fórum sínum forlata valsham sem gat breytt dömumni í fljúgandi fugl þegar á þurfti að halda. Ekki má gleyma uglu hinnar egypsku Isis sem, eins og sjá má á velþekktum myndum, situr á óxl hennar og gefur góð ráð. Þá segja ýmsar fornar sögur frá mönnum sem voru að hluta til dýr eða breyttust í dýr við tiltekna aðstæður; samanber til dæmis Hálfðán Gautakonung úr Úlfhams-

¹ Steve Baker, *The postmodern animal*, London: Reaktion Books, 2000.

sögu, sem breyttist í úlf á veturna og ráfaði um eyðiskóga. Sumrinu kaus hann hins vegar að verja með fjölskyldu sinni. Þá hafði Kveldúlfur, afi Egils Skallagrímssonar, til að bera anga af slíkri náttúru, einkum þegar kvöldla tók. Jólasveinamóðirin Grýla hefur einnig dýrsleg einkenni á borð við hófa, horn og hala en ekki hvað síst skapgerð. Flestir kannast svo við það að skipta um ham og fara hamförum við ákveðnar aðstæður. Í fjölmörgum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum hafa sambandi manna og dýra einnig verið gerð góð skil, frá hinum ýmsum sjónarhornum. Sígildar persónur á borð við Tarzan, Lassý, Mógli, King Kong og fleiri hafa tekið þátt í því að dansa á hinni hárfínu línu milli þess menska og dýrslega á hvíta tjaldinu – án þess að fípast. Í veruleikanum hafa dýr einnig verið sett á stall og færð inn í hið menska mengi með margvíslegum hætti. Af þeim hafa verið gerðar stytur eða þau jafnvel einræktuð, líkt og Dollý hin skoska og hundurinn Sámur, sem Dorrit Moussaieff gerði ódauðlegan. Í þessu samhengi má einnig nefna hundinn Laiku sem vakti heimsathygli sem geimkappi, hvítabjarnarhúinn Knút (sem átti um tíma sitt eigið blogg, þar sem hægt var að fylgjast náið með líðan hans og tilfinningum) og að ógleymdum Keikó „okkar“ Íslendinga.

Í bókinni *Beast and Man: The Roots of Human Nature* ræðir Mary Midgley meðal annars um þessi óljósu skil eða samruna á milli manna og dýra. Í lauslegri þýðingu ritstjóra segir hún: „Við erum ekki aðeins eins og dýr, við erum raunar dýr. Munurinn á okkur og öðrum dýrategundum er vissulega nokkuð sláandi en samanburðurinn við þau hefur alltaf verið til staðar, og verður að vera, enda nauðsynlegur hluti skilningsins á okkur sjálfum. Við þurfum á dýrum að halda til þess að tjá hið ósagða og formgera kenndir okkar. Við tjáum okkur í gegnum dýr og með dýrum.“² Í þessu samhengi má til gamans nefna nokkur dæmi eða myndlíkingar úr íslensku máli þar sem líkindi á milli manna og dýra eru dregin fram. Við segjum til dæmis án þess að hika „þú ert hugrakkur eins og ljón“ eða „þögull sem mús“ til þess að lýsa eiginleikum manneskju. Þá segjum við einnig að þessi eða hinn sé kattliðugur, lúsiðinn, hafi filsminni eða sé kannski bara algjör api.

Á undanförnum áratugum hafa fjölmargir fræðimenn úr hinum ýmsu greinum tekið þátt í því að skapa þennan fyrrnefnda kenningarlega viðsnúning, pósthúmanisma, sem snýr að sambandi og jafnvel samfléttun manna, umhverfis og dýra. Í bókinni *The Animal That Therefore I Am* tekst franskir heimspekingurinn Jacques Derrida meðal annars á við augnaráð dýrsins (e. *the animal gaze*) þegar hann lýsir því hvaða tilfinningar vakna í hans huga

² Mary Midgley, *Beast and Man: The Roots of Human Nature*, London: Methuen, 1979, bls. xiii.

þegar hann stendur kviknakinn fyrir framan dýr á borð við ketti.³ Hann viðurkennir eigin skömm en furðar sig jafnframt á því hvers vegna gælu-dýrið sé fært um að vekja hjá honum slíka tilfinningu. Þá greinir hann frá því að í raun skammist hann sín svo í þokkabót fyrir það að skammast sín yfir því að standa þarna (líkt og dýr) án klæða. En hvers vegna vakna hjá honum þessar tilfinningar, spyr hann svo. Í stuttu máli finnur Derrida fyrir mjög ákveðnum, og óþægilegum líkindum þarna, á milli sín og dýrsins, þar sem hann stendur kviknakinn fyrir framan köttinn. Á þessu augnabliki verður hann sjálfur að hálfgerðu dýri og fyrir það fyrirverður hann sig. Undir þessu augnaráði kattarins líður honum eins og allt geti gerst og með tilfinninga-rikum hætti lýsir hann því hvernig heimurinn geti allt eins hrunið. Í þessum aðstæðum kvikna hjá honum djúpar þælingar um veruleikann og eigin sjálfs-mynd, sem og margvísleg hugrenningatengsl við heimsenda, dómsdag og endalok alls þess sem er – hvorki meira né minna.

Líkt og Derrida horfast margir höfundar og listamenn í þessu hefti í augu við dýr af margvíslegu tagi og takast á við knýjandi spurningar er varða þetta gagnvirka samband. Af dýpt, lipurð og leikni tekst þeim að varpa ljósi á hversu margslungið, skemmtilegt og stundum spennuþrungið það er. Æsa Sigurjónsdóttir fjallar um birtingarmyndir hvala í bæði sögu og samtíma í sinni grein. Hún greinir meðal annars samtímamyndlistarverk Magnúsar Sigurðarsonar um blætisvæðingu Keikó í íslenskri og bandarískri affrey-ingarmenningu og nýlegar ljósmyndir sem birst hafa í íslenskum fjölmiðlum af björgun hvala við Íslandsstrendur. Í þessu samhengi varpar höfundur ljósi á ákveðna þróun sem átt hefur sér stað í tengslum við vaxandi umhverfissíð-fræðileg viðhorf í sjónrænni framsetningu á hvölum þar sem greina má aukna samlíðan með dýrinu. Í grein Kötlu Kjartansdóttur og Kristins Schram er fjallað um lunda og hvítabirni í samhengi frásagna og efnismenningar og þau velta upp spurningum um hvernig táknræn merking og birtingarmyndir þessara dýra hafa mótast, til dæmis í tengslum við vaxandi ferðamennsku og umhverfismál samtímans. Edda R. H. Waage og Karl Benediktsson ræða pólitísk áhrif æðarfuglsins, gerendahæfni (e. *agency*) hans og það mikilvæga hlutverk sem æðarfuglinn gegndi í þróun fuglaverndar á Ísland.

Gunnar Theodór Eggertsson fjallar um hvernig hugmyndin um „góð-hestinn“ birtist í íslenskum dýrasögum á síðari hluta níttjándu aldar og fyrri

³ Heimspekingurinn heldur svo í löngu máli áfram með þessar vangaveltur en ekki verður frekar greint frá þeim hér. Jacques Derrida, *The Animal That Therefore I Am*, ritstj. Marie Loise Mallet, þýð. David Mills, New York: Fordham University Press, 2008.

hluta þeirrar tuttugustu með því markmiði að draga fram duldar forsendur og merkingarauka sem fylgja framsetningu hesta (og annarra dýra) í slíkum sögum. Soffía Auður Birgisdóttir tekur fyrir gagnrýni Þórbergs Þórðarsonar á dýrafræði og áhugaverð viðhorf hans til dýra. Hún greinir frá því hvernig Þórbergur útfærir sjálfur það sem hann kallar „skemmtilega dýrafræði“ og kannar hvaða möguleikar kunna að felast í henni fyrir nútímann.

Tvær óritrýndar greinar birtast hér og er önnur þeirra eftir þau Bryndísi Snæbjörnsdóttur og Mark Wilson. Greinin fjallar um breytilegt ástand á norðurslóðum vegna hlýnunar jarðar, hækkunar sjávarmála sem afleiðingu af bráðnun jökla og þau áhrif sem þessar breytingar hafa á líf hvítabjarna á þessu svæði. Spáð er í hugtök eins og landamæri, landyfírráð og tilverurétt. Sett eru fram tvö listaverk sem höfundar unnu í þessu samhengi og tengjast sérstaklega tveimur hvítabjörnum sem komu til landsins með stuttu millibili árið 2008 og nefndir hafa verið „Skagabirnan“ og „Skagabjörnninn“. Hin óritrýnda greinin er eftir Kötlu Kjartansdóttur en í stuttu máli fjallar hún um íslenska dýrasafnið, gagnmerka sögu þess og samfélagslegt hlutverk. Þýðingin að þessu sinni snertir einnig á knýjandi vistfræðilegum spurningum okkar tíma. Margslunginn texti breska heimspekingsins Timothy Mortons, *Efnisleiki, leikur*, vekur athygli á hinum þéttofnu þráðum sem víða liggja í samlífi mannskepna, dýra og annarra lífvera á tímum mannaaldar. Textann skrifaði Morton um *Efnisleikann*, sýningu Hrafnhildar Arnardóttur, sem einnig er þekkt undir listamannsnafninu Shoplifter, á Feneyjatvíringnum 2019. Hann birtist í sýningarskrá verksins sem var um leið umslag fyrir plötu HAM. Oddný Eir Ævarsdóttir skrifaði einnig texta fyrir sömu skrá og hún þýðir nú texta Mortons, sem hér birtist með góðfúslegu leyfi höfundar.

Efni *Ritsins* vekur upp aðkallandi spurningar er varða málefni samtímans á borð við loftslagsbreytingar, fækkun dýrategunda, umhverfisskiðfræði og sjálfbærni. Þeir þverfaglegu textar og listaverk sem birtast hér eiga það sameiginlegt að fela í sér nýstárleg sjónarhorn á viðfangsefni sem áður voru gegnsýrð hugmyndafræði mannmíðjunnar. Tekin eru til gagnrýninnar umfjöllunar gamalgróin viðhorf um aðgreiningu manna og dýra og er efnið tímabært framlag til pósthúmanískrar umræðu á Íslandi. Höfundar takast hér á við flóknar sameiginlegar áskoranir og viðfangsefni sem blasa við nú á tímum mannaaldar – þvert á landamæri og (dýra)tegundir. Þá er einnig fjallað um birtingarmyndir dýra í sjónrænu efni og framsetningu þeirra á söfnum og sýningum. Í þessu samhengi er til dæmis spurt: hvaða hlutverki gegnir miðlun á dýralífi nú á tímum mannaaldar og hvernig hefur slík framsetning breyst í gegnum tíðina? Slík sjónræn framsetning á dýrum hefur

sýnilega tekið nokkrum stakkaskiptum frá því að þau birtust fyrst í hellaristum, munnmælum og svo nokkru síðar í skinnhandritum. Dýr í sínum margvíslegu myndum hafa löngum haft sterkt aðdráttarafl og heillað manninn frá upphafi vega. Þá hafa þau jafnframt valdið manneskjunni margvíslegum heilabrotum, sem vara enn um sinn, eins og dæmin í þessu hefti sýna glögg.

KATLA KJARTANSDÓTTIR
Doktorsnemandi í safnafræði
Félagsvísindasviði Háskóla Íslands
Sæmundargötu 2
IS-102 Reykjavík, ÍSLAND
katlak@hi.is

KRISTINN SCHRAM
Dósent í þjóðfræði
Félagsvísindasviði Háskóla Íslands
Sæmundargötu 2
IS-102 Reykjavík, ÍSLAND
khschram@hi.is